

**82** Innflutningur frá Danmörku mun heimilaður á sama hátt og áður hefur  
7. júlí tíðkast.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 7. júlí 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Sigurður Hafstað.*

**83**  
7. júlí

## AUGLÝSING

**um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar.**

Hinn 31. maí 1954 var undirrituð í Stokkhólmi bókun um framlengingu á samkomulagi um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar. Er samkomulagið framlengt til 31. marz 1955.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út salt-sild, kryddsild og sykursöltuð sild og aðrar vörur á sama hátt og áður hefur tíðkast.

Útflutningur á vörum frá Svíþjóð verður með tilliti til hversu útflutningur verður mikill á íslenskum vörum til Svíþjóðar og með hliðsjón af venjulegum útflutningshagsmunum Svíþjóðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 7. júlí 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Sigurður Hafstað.*

**84**  
23. ágúst

## AUGLÝSING

**um fullgildingu alþjóðasamnings hinna Sameinuðu þjóða  
um réttarstöðu kvenna.**

Hinn 25. nóvember 1953 var undirritaður fyrir Íslands hönd alþjóðasamningur hinna Sameinuðu þjóða um réttarstöðu kvenna.

Fullgildingarskjal Íslands að samningnum var afhent forstjóra Sameinuðu þjóðanna hinn 30. júní 1954.

Samkvæmt samningnum gengur hann í gildi að því er varðar Ísland hinn 28. september 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 23. ágúst 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*